

931

UMSÖGN VEGNA RÆSIS VIÐ INNRI BUG

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1991 VMST-V/91013X



VEIDIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

UMSÖGN VEGNA RÆSIS VIÐ INNRI BUG

INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðar Ríkisins var ræsi við Innri Bug skoðað þann 28 apríl 1990. Einnig voru viðstaddir Auðunn Hálfðánarsen Vegagerðinni í Borgarnesi og fulltrúi landeigenda, Óskar Þorgilsson, auk fulltrúa frá Vegagerðinni í Ólafsvík.

Ræsið tekur við affalli frá Innrabugsvatni sem er lítið stöðuvatn ofan við Fróðárrif. Vatnið er í um 1 m hæð yfir sjó og hefur flatarmál þess verið áætlað $0,29 \text{ km}^2$ (Hákon Ádalsteinsson o.fl. 1989). Í vatnið rennur Brunná, en þess rennur Bugsgil í ána rétt neðan við ósinn úr vatninu (Mynd 1). Rétt austan við Innrabugsvatn er svo annað vatn, nokkrustærra sem er í vatnakerfi Fróðár, en ekki er samgangur á milli vatnanna, nema í miklum flóðum.

Að sögn landeigenda hefur fiskur ekki gengið upp ræsið síðan það var reist. Í kerfinu er aðallega sjóbleikja og lax veiddist eitthvað áður fyrr (Óskar Þorgilsson, muninlegar upplýsingar). Engar skyrslur eru til um veiðar á svæðinu.

NIÐURSTÖÐUR

Við skoðun á aðstæðum virðist ræsið ekki vera veruleg hindrun fyrir fisk. Straumur er ekki það mikill í ræsinu að hindrun sé fyrir fisk, en hins vegar hefur nokkur möl borist í það. Ennfremur er ljóst að flóðs gætir inn i ræsið a.m.k. á stórstreymi. Ingangur í ræsið er hins vegar alla jafna erfiður fyrir fisk nema á flóði. Enginn hylur er fyrir neðan ræsið, og mikið stórgrytti fyrir neðan og lítið skjól fyrir fisk. Aín flæmist viða í fjörunni fyrir neðan og er hvergi í ákveðnum farvegi.

Nokkrar úrbætur þyrfti að gera til að auðvelda fiskför um ræsið. Í fyrsta lagi er mælt með að grafinn verði hylur neðan við ræsið ca 3 m að lengd og 1 m að dypt. Síkt gerir fiski auðveldara að safnast saman fyrir neðan og ennfremur sést þá vel hvaða magn er á ferðinni í göngum og ætti að skera úr um hvrt fiskur lendi í erfiðaleikum í uppgöngu.

Einnig er mælt með því að grafin verði rás í fjörumni þannig að ein falli í einum farvegi. Síka rás þyrfti án efa að lagfæra á hverju ári. Ennfremur er mælt með því að stórir steinar verði settir inn í ræsið, 10 - 15 steinar, þannig að fiskur a upplærð fái nokkurt skjól á leiðinni upp ræsið. Einnig hefur verið vandamál að grjót og möl berst með brimi inn í ræsið og þyrfti að lagfæra grjótvörn á vegi með tilliti til þess. Einnig er möguleiki á að loka ræsinu með grind á veturna.

Æskilegt væri að úrbætur yrðu framkvæmdar fyrri hluta sumars. Sjóbleikja gengur til sjávar á vorin (april-júní) og dvelur í sjó að jafnaði 6-8 vikur). Upp úr miðjum júlf fer stærsta sjóbleikjan að ganga í ferskvatn á ný, en síðan tekur minni bleikja við og er það yfirleitt geldbleikja, þ.e. bleikja sem ekki ætlar að hrygna. Óll sjóbleikja fer hins vegar í ferskvatn á veturna.

HEIMILDASKRA

Hákon Áðalsteinsson, Sigurjón Rist, Stefán Hermannsson og Svanur Pálsson 1989. Stöðuvötn á Íslandi. Skrá um vötn stærri en $0,1 \text{ km}^2$. Orkustofnun. Vatnsorkudeild. OS-89004/VOD-02.

MYND 1:

Kort af vatnsvæðinu við Innri Bug.

